Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 24. nóvember 2026
MSS26110070

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Vinstrisins um opinbera umræðu um brunavarnir á Sævarhöfða

Á fundi borgarráðs þann 19. nóvember sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Vinstrisins:

> *Hvernig stendur á því að formaður borgarráðs vísar opinberlega til einhvers sem á ekki við rök að styðjast varðandi brunavarnir og athugasemdir Slökkviliðsins vegna Sævarhöfða þar sem hjólabúar hafa dvalið?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar þann 23. nóvember sl.

Svar við fyrirspurn:

Fyrirspurnin er óvenjuleg að því leyti að hún beinist að opinberum ummælum formanns borgarráðs sem kjörnum fulltrúa fremur beiðni um upplýsingar sem tengjast stjórnsýslu, starfsemi borgarinnar eða beiðni um gögn. Formaður borgarráðs hefur ekki haldið því fram opinberlega að brunavarnir á lóðinni að Sævarhöfða 31 hafi verið ástæða uppsagnar leigusamninga í húsnæðinu. Formaður borgarráðs hefur hins vegar vísað til þess að Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hafi við skoðun á húsnæðinu í lok apríl 2026 gert athugasemdir við brunavarnir í húsnæðinu að Sævarhöfða 31 og krafist verulegra úrbóta. Í framhaldinu tók Reykjavíkurborg sem eigandi hússins ákvörðun um að leggja af notkun byggingarinnar í stað þess að fara í nauðsynlegar úrbætur á brunavörnum enda er það ekki forsvaranleg fjárfesting í ljósi þess að ekki stendur til af hálfu borgarinnar að endurbyggja húsið. Sú ákvörðun fól óhjákvæmilega í sér að aðgengi að rafmagni fyrir hjólhýsi var lokað. Ummæli formanns borgarráðs hafa einungis vísað til þessara staðreynda.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari

Reykjavík